

Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi
Reykjavíkur hinn 28. nóvember 2019

STEFNA

Íslenskir aðalverktakar hf.
kt. 660169-2379
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Gjöra kunnugt: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Sorpu bs., kt. 510588-1189, Gylfaflöt 5, 112, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.

1. DÓMKRÖFUR

Þess er aðallega krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda 189.427.756 kr. með dráttarvöxtum frá 26. september 2019 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi að stefndi greiði honum kr. 43.902.655 með dráttarvöxtum frá 26. september 2019 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

2. MÁLFLUTNINGSUMBOÐ

Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður, Landslögum – lögfræðistofu, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

3. MÁLSATVIK

3.1. Fyrri innkaupaferli

Í nóvember árið 2017 bauð stefndi út verk sem fólst í því að reisa gas- og jarðgerðarstöð á Álfsnesi. Um var að ræða almennt útboð og skiluðu fjórir verktakar tilboðum, þ.á m. stefnandi. Óumdeilt er að um opinber innkaup var að ræða í skilning laga þar um.

Stefndi hafnaði öllum boðum hinn 21. febrúar 2018 með vísan til ákvæðis í útboðsskilmálum þar sem áskilinn var réttur til að hafna öllum tilboðum sem væru 10% yfir kostnaðaráætlun verksins.

3.2. Nýtt innkaupaferli

Með síðastgreindu bréfi var stefnanda einnig tilkynnt um að ákveðið hefði verið að hefja samningskaupaferli við þá bjóðendur sem uppfylltu kröfur áðurnefndra útboðsskilmála um fjárhags- og tæknilegar kröfur.

Fulltrúar stefnda héldu fund með stefnanda hinn 6. mars 2018 (fundur 1) þar sem farið var yfir helstu atriði í hinu nýja samningskaupaferli. Í fundargerð (dskj. nr. 6) kemur fram að hinn 6. mars hafði verið kallað eftir tillögum þátttakenda um breyttar lausnir sem gætu lækkað kostnað og að viðauki við eldri gögn, með áorðnum breytingum, yrði gefinn út hinn 20. mars 2018. Skyldi nýr tilboðsfrestur renna út hinn 3. apríl 2018. Þá kemur fram í þessari fundargerð að stefndi hafði ákveðið að frávíkstilboð yrðu ekki leyfð.

Á næsta fundi aðila í samningskaupaferlinu hinn 13. mars 2018 kynnti stefnandi tillögur sínar að lækkuðum kostnaði (dskj. nr. 7). Þar var meðal annars vikið að því að sleppa mætti torfi á þaki og einfalda uppbyggingu á þökum.

Í tilefni þessa nýja innkaupaferlis voru gefin út ný útboðsgögn, sem þó voru að mestu í samræmi við hin fyrri, en þó með þeirri mikilvægu undantekningu að skýrlega var tekið fram að öll frávik væru óheimil. Með því var átt við að kröfur útboðsgagna voru óundanþæg og ekki heimilt að bjóða aðrar lausnir en þar var kveðið á um. Þetta var ólíkt því sem var í hinu fyrra innkaupaferli þar sem frávik voru einmitt sérstaklega heimiluð.

Þess ber að geta að útboðsgögn voru byggð á svokölluðum FIDIC skilmálum (dskj. nr. 3) og er í kafla 4.5 í þeim hluta sem fjallar um framkvæmd útboðsins sérstaklega merkt með gulu að frávik séu óheimil (e. *Variants are not permitted*). Þetta er síðan ítrekað í ýmsum öðrum greinum þessara gagna og auðkennt í skjalinu. Í þessu sama skjali er getið um það í gr. 6.2 að verkkaupi áskilji sér að leita eftir skýringum á tilboðum. Einnig segir þar að sérhver fyrirspurn og svar við henni skuli vera skrifleg, eftir atvikum með bókun í fundargerð þar um.

Þá liggur fyrir sérstakt breytingaskjal (*ADDENDUM – Scope Changes*) frá 27. mars 2018 (dskj. nr. 9) þar sem sérstaklega eru tilgreindar þær breyttu forsendur og kröfur sem ætlaðar voru til að spara kostnað frá fyrra innkaupaferli. Við það féllu nokkrir greiðsluliðir niður, magn annarra minnkaði og hönnunarkröfum var í sumum tilvikum breytt. Rétt er að taka fram að hvað varðar þakfrágang er vísað til þess í grein nr. 1.8 að horfið sé frá því að tyrfa þak hússins strax, en í hinni breyttu mynd skyldi frágangur taka mið af skiptingu í fimm flokka. Í öllum flokkum er tekið fram, með sama orðalagi, að þakinu beri að skila með „fullnægjandi einangrun, hlífðarlagi og frárennsli“ (e. *adequate insulation, membrane and drainage*). Við þessa breytingu var bætt inn nýjum greiðsluliðum vegna þakfrágangs sem merktir voru P 3.3.3.5 -3.3.3.9.

3.3. Atvik eftir opnun tilboða

Tilboð voru opnuð hinn 17. apríl 2018 og sést í fundargerð opnunarfundar að þrjú bjóðendur skiluðu inn tilboðum sem hér segir (dskj. nr. 10):

1. Ístak hf.	kr. 4.116.008.972
2. ÍAV hf.	kr. 4.149.481.748
3. Munck hf	kr. 4.476.838.986

Með bréfi stefnda hinn 4. maí 2018 var stefnanda tilkynnt að ákveðið hefði verið að taka tilboði Ístaks hf. (dskj. nr. 11). Gerður var verksamningur við Ístak hf. sem ekki hefur fengist afhentur. Síðar kom í ljós að frá tilboðsopnun og fram til samningsgerðar hafði stefnandi átt í verulegum samskiptum við Ístak hf. um efni tilboðsins og þau frávik sem í því var að finna frá útboðsskilmálum.

Hinn 11. maí 2018 óskaði stefnandi eftir gögnum frá stefnda um skilmála í tilboði Ístaks og öðru sem varðaði mat á tilboðum. Stefndi veitti hluta þeirra upplýsinga hinn 17. maí 2018 en hafnaði því að afhenda önnur gögn hinn 6. júní 2018 að fenginni nýrri gagnabeiðni.

Hinn 3. júlí 2018 kærði stefnandi þá afstöðu til kærunefndar um upplýsingamál. Niðurstaða nefndarinnar barst ekki fyrr en í júní 2019 og fékk stefnandi í kjölfarið, hinn 19. júní 2019 afhent frekari gögn um tilboð Ístaks og meðferð stefnda á því.

Stefnandi telur síðastnefnd gögn staðfesta að rangt hafi verið staðið að málum við mat á gildi tilboða. Í stuttu máli snýst málið um að með tilboði Ístaks hf. fylgdi sérstaklega útfyllt formskjal um frávik og breytingar. Í nokkrum tilvikum var þar um að ræða liði sem stefnandi telur að hafi haft áhrif á verðlagningu og samanburð tilboða. Ístak bauð lausnir sem voru ódýrari en þær sem útboðsgögn áskildu.

Vel má sjá að fyrsta kastið virtust ráðgjafar stefnda alfarið hafna því að umrædd frávik yrðu samþykkt enda yrði tilboðið að vera í samræmi við lágmarkskröfur útboðsskilmálanna. Í tveimur atriðum er um veruleg frávik að ræða, þ.e. krafna til gerðar steypu og einnig að því er varðar einangrun í lofti. Leit stefndi fyrst umrædd atriði sem „beiðnir um frávik“ sem þyrfti að ræða og fá Ístak hf. til að falla frá, en í svörum sínum við kröfubréfum stefnanda hefur komið fram að tilboð Ístaks hf. hafi verið samþykkt í samræmi við umbeðnar breytingar. Hefur því verið borið við að um hafi verið að ræða „skýringar“ á tilboðinu. Þetta er alrangt að mati stefnanda og verður nánar vikið að þeim atriðum í kafla um málsástæður og lagarök.

Stefnandi hefur sent tvö bréf þar sem hann rekur sjónarmið sín varðandi bótaskyldu stefnda og knýr á um bótagreiðslur eða samninga þar um, en án árangurs.

4. MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

4.1. Aðalkrafa

4.1.1 *Bótaskylda*

Stefnandi telur að óheimilt hafi verið að taka tilboði Ístaks hf. í áðurnefndu samningskaupaferli. Óumdeilt er að lög um opinber innkaup nr. 120/2016 giltu um innkaupin og að bótareglan í 119. gr. þeirra laga á við, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Aðalkrafa stefnanda byggir á 2. mgr. 119. gr. laga um opinber innkaup og miðast við þær almennu reglur skaðabótaréttarins sem fela í sér bótarétt sem samsvarar þeim hagnaði sem tjónþoli verður af vegna þess að á honum er brotið. Samkvæmt dómaframkvæmd þarf stefnandi að sanna að á honum hafi verið brotið og að það hafi leitt til þess að hann varð af því verki sem hér um ræðir.

4.1.2 Lagagrundvöllur

Samkvæmt kafla 4.5 í útboðsgögnum samningskaupanna voru frávikstilboð óheimil. Frávikstilboð hafa verið skilgreind sem tilboð þar sem bjóðandi leitast við að leysa þarfir kaupanda á annan hátt en gert er ráð fyrir í tæknilegri lýsingu. Af þessu leiddi að tilboð var ekki gilt nema það uppfyllti alla tæknilega skilmála útboðsgagna. Að öðrum kosti var það ógilt.

Reglur útboðsréttar um gagnsæi og jafnræði, sem meðal annars koma fram í 1. og 2. mgr. 15. gr. laga um opinber innkaup, koma í veg fyrir að heimilt sé að gefa tilboðsgjafa kost á að breyta tilboði sínu, falla frá frávikum eða gera aðrar ráðstafanir í tengslum við tilboðið sem breyta jafnræði bjóðenda. Þetta er algjörlega óheimilt eftir að búið er að skila tilboði. Eins er kaupanda óheimilt að breyta kröfum útboðsgagna, eða slaka á þeim, eftir að tilboðum hefur verið skilað, í því skyni að samræma kröfur útboðsgagna og tilboðsins.

Í fylgiskjali 12 með útboðsgögnum samningskaupanna var að finna form þar sem bjóðendum var gert fært að gera grein fyrir frávikum í tilboði sínu og/eða beiðnum um frávik. Ístak virðist hafa gert grein fyrir um 11 frávikum í fylgiskjali 12 með tilboði sínu, einkum varðandi brunavarnir, steypu og einangrun. Þá hakaði Ístak við að um frávikstilboð væri að ræða. Tilboðið var ógilt og hefði átt að vísa því frá. Engin heimild er til þess að lappa upp á ógild tilboð með breytingum eftirá.

Ráðgjöfum stefnda var ljóst eftir móttöku boðsins frá Ístaki að það uppfyllti ekki kröfur útboðsgagna:

- Í tölvupóstsamskiptum á milli Mannvits, Reykjavíkurborgar og stefnda er sérstaklega fjallað um það að í tilboði Ístaks sé umfang einangrunar í þaki minna en gerð sé krafa um í útboðsgögnum og að vísað sé í rangan staðal þegar kemur að gæðum á steypu.
- Þá virðast forsvarsmenn stefnda hafa áttá sig á því að félagið væri á hálum ís en í tölvupósti dags. 23. apríl 2018 segir eftirfarandi: „Hef ekki athugasemdir nema hvað þýða „smávægilegir fyrirvarar á tæknilegri útfærslu“? Hvaða merkingu getur ÍAV lagt í þetta orðalag ef þetta minnisblað yrði gert obinbert?“ Þannig virðist sem svo að félagið hafi viljað leynd fyrirvara og frávikum sem voru á tilboði Ístaks fyrir næstlægst bjóðanda, stefnanda.

Auk þess kemur fram í þessum gögnum að taka þurfi afstöðu til beiðna um frávik, leggja mat á virði fráviksins, leiðrétta það og greina hvort fráviknið hafi breytt röð bjóðenda. Þetta virðist þó ekki hafa verið gert.

Þrátt fyrir að stefnda hafi borið að vísa frávikstilboði Ístaks frá með vísan til þess að slík tilboð hafi verið óheimil þá kaus félagið að boða Ístak til skýringarviðræðna í þeim tilgangi að leiðrétta tiltekin atriði í tilboðinu og taka afstöðu til breytingartillagna þeirra, þ.e. hvort samþykkja eða hafna ætti frávikum. Þannig var Ístaki gert kleift að leiðrétta og/eða breyta tilboði sínu eftir opnun tilboða. Af fundargerð umrædds skýringarfundar má ráða að Ístak hafi fallið frá nokkrum af þeim frávikum sem fram komu í tilboði þeirra en þó lagt til aðrar aðferðir til að uppfylla þarfir kaupanda, t.d. varðandi einangrun.

Sem fyrr segir felst það í 15. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 að gæta beri jafnræðis og gagnsæis við opinber innkaup. Reglan er ein af grunnreglum laganna og er ætlað að koma í veg fyrir að fyrirtækjum sé mismunað við innkaup eða samkeppni raskað. Samkvæmt 82. gr. laganna skal tilboð jafnframt talið ógilt ef það er ekki í samræmi við útboðsgögn. Er kaupanda því óheimilt að meta tilboð á grundvelli annarra forsendna en fram koma í útboðsgögnum.

Af þessu leiðir að kaupanda ber eingöngu að horfa til gilda tilboða og er ekki heimilt að leyfa bjóðendum að aðlaga tilboð sín að útboðsgögnum eftir opnun tilboða. Þessar reglur braut stefndi.

4.1.3 Tilboð Ístaks var ekki í samræmi við áskilnað útboðsgagna og laga

Í svarbréfum sínum hefur stefndi gefið þær skýringar að í raun hafi ekki verið gerðar breytingar á tilboði Ístaks heldur hafi áður nefnd samskipti á skýringarfundunum snúist um „nánari skýringar á tilteknum atriðum í tilboði Ístaks“, sem er þó í beinni mótsögn við það sem fór á milli fulltrúa stefnda í apríl og maí 2018.

Þetta er einnig efnislega rangt því tilboð Ístaks fól bæði í sér fyrirvara og einnig efnisleg frávik frá útboðsgögnum. Stefnda var þetta alveg ljóst enda segir í minnisblaði ráðgjafa hans (í drögum frá 23. apríl 2018) að ná þurfi „samkomulagi ef gengið er til samninga við þá“. Sömu leiðis var form tilboðsins með þeim hætti að bjóðandinn hakaði sjálfur við að um frávik væri að ræða (bls. 16 í viðauka 12).

Gerð er grein fyrir veigamestu frávikunum í tölvupósti ráðgjafans frá 24. apríl 2018 með þeim orðum að 9-10 af fyrirvörunum séu „ekki til vandræða“ en varðandi eingangrun í þaki líti út fyrir að „umfang hennar sé minna en gerð er krafa um í gögnunum“.

Þá kemur kjarni málsins mjög vel fram tölvupóstumskiptum til undirbúnings á fundi með Ístaki hf. sem haldinn var hinn 27. apríl. Í tölvupósti um „upplegg“ fundarins segir ráðgjafi og umsjónaraðili útboðsins:

„Komi fram sú afstaða Ístaks að einhver þessara breytingartillagna [ekki skýringa] sé frávik frá ófrávíkjanlegum kröfum útboðsins þá þarf að leggja mat á virði fráviksins, leiðrétta það og greina hvort frávikid hafi breytt röð tilboða“.

Í lista sem fylgdi síðastgreindum tölvupósti eru öll atriðin 11 talin upp. Stefndi tók í því skjali afstöðu til óska Ístaks um breytingar eða undantekningar (Deviations/Exceptions) með sérstakri umsögn. Sjá má að frávik vegna eldvarna og eiginleika steypu átti að hafna. Einnig er tekið fram í þessu skjali að frávik vegna klæðningar átti að hafna. Segir í skjalinu (sem skilja verður sem upplegg verkkaupa):

„In the contractors offer there is no insulation of roofs or walls of the maturation bays ...“

Og um þetta segir síðan í skjalinu um viðbrögð verkkaupa:

„Þessu er hafnað. Samkvæmt ófrávíkjanlegum skilmálum á að ganga frá þaki með „adequate insulation membrane and drainage“. Innifalið í þessum svæðum eru m.a. þök yfir maturation bays, reception og area between process modules“.

Ef marka má óundirritaða fundargerð fundarins frá 27. apríl 2018 virðist Ístak síðan hafa lagt til aðra aðferð við einangrun, þ.e. svokallað viðsnúid þak. Tilboð hans var hins vegar alveg skýrt um að það gerði ekki ráð fyrir neinni einangrun. Ístaki var gert kleift að draga í land með fyrirvara sína að þessu leyti og þannig breyta tilboði sínu eftir að tilboðsfrestur rann út.

Það er því alrangt að hér hafi verið á ferðinni beiðni um skýringar á tilboði heldur tók bæði tilboðið beinlínis breytingum og einnig virðist stefndi að einhverju marki hafa aðlagað sínar kröfur að fyrirvörum og breytingum Ístaks. Hvort tveggja var óheimilt.

Stefndi hefur einnig haldið því fram að „skilyrði samningsgagna um nægjanlega einangrun [hafi verið uppfyllt] án sértækrar einangrunar“. Þetta er ekki í samræmi við afstöðu ráðgjafa stefnda sem áður er rakin og ekki heldur í samræmi við þá breytingu sem um var samið. Sú skýring virðist því fengin eftirá.

Af skoðun gagna virðast einnig hafa verið nokkur önnur frávik í tilboði Ístaks sem virðast til þess fallin að raska jafnræði við samanburð tilboða:

- Í tilboði Ístaks er um stálgæði í svokölluðum Ractor – og Biogastönkum miðað við notkun AISI 304 stáls í stað AISI 316. Þetta má sjá af samanburði á greiðsluilið P 3.7.2 og P 3.7.3 í Volume III Schedule III) og frávikaskjali Ístaks.

- Varðandi slitþolna steypu með stáltrefjum sem kveðið er á um í greiðslulið nr. 3.5.36 greindi Ístak frá fráviki um að tilboð þeirra væri að þessu leyti takmarkað við 30 kg. á rúmmeter og auk þess skyldi athuga að nota plasttrefjar í stað stáltrefja.
- Þá kemur fram í frávíkaskjalinu að Ístak hafi miðað tilboð sitt við greiðslufyrirkomulag sem ráðgjafi stefnda hafi „hafnað“. Ekki liggur fyrir hvernig úr þessu var leyst.

4.1.4 Var breytingin ekki „veruleg“?

Stefndi hefur haldið því fram að grein 6.10 í samningskaupagögnum hafi heimilað að taka tilboði Ístaks. Er meðal annars vísað til þess að tilboð Ístaks hafi ekki falið í sér „verulega breytingu, fyrirvara eða vöntun“ í skilningi ákvæðisins. Einnig er því mótmælt að Ístaki hafi gefist kostur á að breyta tilboði sínu.

Þessi rök eru efnislega í beinni andstöðu við fyrrgreind samskipti eftir móttöku tilboðs. Ráðgjafar stefnda töldu tilboð Ístaks í andstöðu við ófrávíkjanlegar kröfur og að áður en gengið yrði til samninga þyrfti að komast að samkomulagi eða fá Ístak til að falla frá hinum óheimilu frávikum. Bollaleggingar um orðalag í fundargerðum renna stoðum undir að stefndi hafi verið fullmeðvitaður um þetta brot sitt.

Meginreglan í útboðsrétti felur það í sér að unnt á að vera að taka tilboði bjóðanda án frekari orða og óþarfi að semja um neitt í millitíðinni, hvað þá lagfæra eða breyta tilboðum. Þetta er grundvallaratriði til að tryggja jafnræði og gagnsæi. Gagnsæi og jafnræðiskröfur hins opinbera útboðsréttar gera kröfu um að hægt sé að bera tilboð saman á jafnræðisgrunni. Í dómaframkvæmd um tilskipun 2004/18/EC (og afleidda löggjöf) hefur jafnan verið tekið mið af þessu þegar metið er hvaða samskipti við bjóðendur geta verið heimil frá því að tilboði hefur verið skilað og þangað til því er tekið.

Frávikið, sem grein 6.10 í samningskaupagögnunum á að endurspegla, snýst eingöngu um atriði sem raska ekki samkeppni bjóðenda. Þar getur verið um að ræða vöntun á opinberum staðfestingargögnum, augljósar villur, skýringar o.fl. þar sem ekki er hægt að breyta leikreglunum eftir á.

Í þessu máli var gengið mun lengra. Tilboðinu var breytt og það tók efnislegum stakkaskiptum í að minnsta kosti einu atriði. Einnig virðist hafa verið slakað á kröfum útboðsskilmála til þess að gera Ístaki kleift að fá verkið. Stefnanda gafst enginn kostur á að breyta sínu boði með sama hætti. Ekkert í hans tilboði var með sama sniði og fyrirvarar Ístaks heldur var þar einvörðungu um að ræða frekari skýringar á tilboðinu.

4.1.5 Nánar um þýðingu frávika í tilboði Ístaks

Stefndi mat ekki fjárhagslega þýðingu þess á tilboðsstiginu að Ístaki voru heimiluð frávik og/eða slakað var á kröfum útboðsskilmála. Stefnandi hefur ekki að öllu leyti forsendur til að reifa þýðingu frávikanna á þessu stigi málsins. Að því marki sem forsendur liggja fyrir er þó hægt að staðhæfa að fjárhagsleg þýðing var veruleg og raskaði sannanlega jafnræði bjóðenda.

Steypa

Í útboðsgögnum var kveðið á um lágmarkskröfur til steypu. Þær er að finna í hluta útboðsgagna sem ber heitið Volume 2 Employer's Requirement (dskj. nr. 2). Í kafla 3.5.3 eru skilgreindar lágmarkskröfur til steypu („minimum requirement“). Á milli einstakra byggingarhluta og innan þeirra eru svo gerðar mismunandi kröfur til eiginleika steypunnar. Sem dæmi má taka að í kafla 3.5.1.1 um móttökuhluta segir að nota skuli steypu af lágmarksstyrkleika C40/50:XA3.

Í öðru skjali, sem er hluti útboðsgagna, og skilgreinir nánar kröfur til steypu (Standard Specification – Civil – Concrete Work), er fjallað um þá staðla sem miða skuli við (dskj. nr. 12). Þar segir í inngangi að um sé að ræða lágmarkskröfur í verkinu vegna steypuvinnu (the minimum technical requirements for concrete work) og vísað til tiltekinna ÍST staðla þar um. Í 10. kafla um steinsteypu er vísað til ÍST staðlanna ÍST EN 13670 og ÍST EN 206:2013.

Í tilboði Ístaks var ekki vísað í þessa staðla heldur norskan staðal með heitinu NS-EN-206:2013+NA:2014. Miðað við þær upplýsingar sem stefnandi hefur er sá staðall ekki lengur í gildi í Noregi. Þess utan eru í honum gerðar minni kröfur en í hinum íslenska staðli. Enga greiningu á þessu er að finna í mati á tilboðum og enga skýringu á því hvers vegna fallið var frá því að hafna boði Ístaks vegna þessa.

Í íslenska staðlinum er miðað við að til þess að uppfylla áreitisflokkinn XA 3 (Aggressive chemical environments) skuli lágmarksmagn sements vera 360 kg. í hverjum rúmmetra af steypu. Þetta má sjá af töflu á bls. 80 í staðlinum merkt F.1 (sjá dskj. nr. 13).

Í norska þjóðarskjalinu, sem tilboð Ístaks miðaði við, segir í gr. 5.3.2 að ef steypa sé framleidd í samræmi við staðalinn falli út F.1. og kröfur í töflum Na.12 og NA.15 eigi við í staðinn. Þar virðist hins vegar miðað við 330 kg. í hvern rúmmeter. Þetta þýðir minni sementskaup og lægri kostnað til að uppfylla hinn norska staðal.

Ekkert kemur heldur fram í umfjöllun um tilboð Ístaks um hvernig til stóð að uppfylla kröfuna um steypustyrk (C). Í hinum norska staðli er ekki fjallað um þetta atriði og liggur því ekki fyrir við hvað tilboðið miðaði og hvernig kostnaður var reiknaður við að uppfylla þessa kröfu.

Í tilboði stefnanda var innifalinn kostnaður við að gera steypuna sýruheldna þar sem við átti á um 11.180 fermetra fleti. Viðbótarkostnaður á hvern fermetur nam 3.120 eða samtals um 34,8 milljónum króna

Einangrun

Eins og fram kemur í dskj. nr. 14 (minnisblað stefnanda frá 23. ágúst 2019) var gert ráð fyrir einangrun í þaki á þeim svæðum sem Ístak virðist hafa verið heimilað að sleppa einangrun. Heildarkostnaður stefnanda við einangrun þaks nam 123,3 milljónum krónum af heildartölu við þakfrágang (231,3 millj.).

Þegar eingöngu eru skoðuð þau svæði þar sem Ístak sleppti einangrun má sjá að tilboðsfjárhæð stefnanda gerði ráð fyrir um 50,5 milljón krónum í einangrunarkostnað eins og nánar er vikið að hér á eftir í tengslum við sönnun orsakatengsla. Augljóst er að hér er um verulegt frávik að ræða sem hefði breytt röð bjóðenda ef allt hefði verið með felldu.

Önnur atriði

Stefnandi hefur ekki forsendur til að leggja mat á fjárhaglega þýðingu annarra atriða, þ.e. breyttra stálgæða sem reifuð er að framan, breytts greiðslu fyrirkomulags og takmörkunar í tilboðinu hvað varðar stáltrefjar í steinsteypu. Áskilinn er réttur til að krefjast gagna og reifa málið frekar að því leyti eftir því sem forsendur verða til þess.

4.1.6 Önnur bótaskilyrði

Stefnandi telur að í þessu máli liggi skýrt fyrir að ef farið hefði verið að lögum hefði tilboði Ístaks verið vísað frá og að tilboði stefnanda hefði verið tekið. Stefnandi telur að framangreind lýsing og gögn málsins styðji að lög um opinber innkaup hafi verið brotin með tvenns konar hætti. Annars vegar var óheimilu frávikstilboði Ístaks ekki hafnað sem ógildu líkt og stefnda bar að gera skv. skýrum ákvæðum útboðsskilmála og lögum um opinber innkaup. Hins vegar var Ístaki gert kleift að breyta tilboði sínu eftir opnun tilboða og kröfur útboðsgagna aðlagðar að tilboði þeirra með þeim afleiðingum að jafnræði bjóðenda var raskað.

Stefnandi telur ljóst að ef brotin hefðu ekki átt sér stað þá hefði stefnda verið skylt að taka tilboði stefnanda. Stefnandi var metinn hæfur með tilliti til tæknilegra og fjárhagslegra krafna útboðsskilmála, tilboð hans var metið gilt, tilboð hans var ekki háð sömu annmörkum og tilboð Ístaks og tilboð stefnanda var lægsta gilda tilboðið. Af þeim sökum telur stefnandi skýrt að orsakasamband sé á milli háttsemi stefnda, þ.e. brota hans á lögum um opinber innkaup, og tjóns stefnanda sem nánar er lýst í kafla 4.1.7.

Stefndi hefur borið því við í fyrri samskiptum að þótt tilboð Ísaks hf. hefði verið metið á jafnræðisgrunni, þ.e. gert ráð fyrir kostnaði við þá liði sem stefnandi hefur haldið fram að í það hafi vantað, hefði tilboð Ístaks hf. samt sem áður verið það hagstæðasta.

Þetta er haldlaus röksemdafærsla að mati stefnanda. Í fyrsta lagi er engin heimild í lögum um opinber innkaup að reikna inn í tilboð, eða bæta við tilboðsfjárhæðir, liðum sem bjóðandi kys að gera ekki ráð fyrir. Ekki er önnur leið í boði en að vísa slíkum tilboðum frá og er í raun furðulegt að röksemdir af þessum toga hafi verið settar fram.

Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að neitt slíkt mat hafi verið gert áður en gengið var til samninga við Ístak. Kostnaðarútreikningar stefnanda benda á hinn bóginn til þess gagnstæða (sjá dskj. nr. 14)

Mismunur á tilboðum Ístaks og stefnanda nam 33.472.821 (m/vsk). Kostnaður við frágang og einangrun þaka í tilboði ÍAV er samkvæmt töflu í síðastnefndu dómskjali (fylgiskjal 1). Tilboð stefnanda í frágang á þökum (verkliðir 3.3.3.5 – 3.3.3.9) nam kr 231.385.623. Þar af nam kostnaður við einangrun kr 123.376.777. Kostnaður í tilboði stefnanda við einangrun á þeim svæðum sem Ístak virðist hafa sleppt er kr 50.502.879, samanber eftirfarandi sundurliðun:

Maturation bays (hluti 3.3.3.8)	2.294 m ²	12.341 kr	28.310.254 kr
Reception hall (hluti 3.3.3.5)	989 m ²	9.755 kr	9.647.695 kr
Process module corridor (hluti 3.3.3.7)	1.286 m ²	9.755 kr	12.544.930 kr
		Samtals	50.502.879 kr

Sama gildir um sparaðan kostnað í tilboði Ístaks hvað varðar aðgerðir til að gera steypu sýruhelda en viðbótarkostnað vegna þess hefur ÍAV metið á um 34,8 milljónir króna.

Kostnaðinn við að gera steypuna sýruhelda hefði einnig átt að taka út úr tilboði ÍAV til að jafna fyrirvarann hjá Ístaki. Ef tekið er tillit til beggja þátta, hefði tilboð ÍAV átt að lækka um kr 50.502.879 fyrir einangrunina og kr 34.881.600 fyrir steypuna eða alls kr 85.384.479. Þar með hefði tilboð ÍAV orðið kr 51.911.658 lægra en tilboð Ístaks. Ekki er lagt mat á kostnað vegna annarra stálgæða og greiðslufyrirkomulags sem tilboð Ístaks miðaði við.

4.1.7 Kröfufjárhæð

Eins og gerð var grein fyrir í kröfubréfi stefnanda hinn 28. ágúst 2019 gerði stefnandi í sínum útreikningum á tilboðsstigi ráð fyrir um 9% framlegð af verkinu þar af 5,5% í hreina álagningu en 0,5% til að standa straum af yfirstjórn og 3% vegna ófyrirséðrar áhættu. Stefndi hefur ekki borið bríður á þessa framsetningu kröfunnar.

Tilboðsfjárhæð stefnanda nam kr. 4.149.481.748 að meðtöldum virðisaukaskatti eða 3.346.557.030 án virðisaukaskatts. Sem fyrr segir gerði tilboð stefnanda ráð fyrir 6% álagningu eða framlegð á verkkostnað sem samsvarar stefnufjárhæðinni 189.427.756 kr.

Stefnandi álitur bótaskyld tjón sem af ákvörðun stefnda felist í töpuðum hagnaði sem af því leiddi að hann fór á mis við verkið. Álagning á verkið í tilboðsútreikningum var í öllum skilningi hófleg og miðaði við stærð verksins sem og stöðu verkkaupa sem opinbers aðila.

Þar sem stefnandi mun ekki vinna verkið hefur hann ekki tekið þá áhættu sem hluti álagningar hans var ætlað að verja hann gegn. Stefnandi telur því rétt að gera ekki kröfu um þann hluta álagningarinnar (3%). Því stendur eftir 6% af tilboðsfjárhæð hans.

Til frekari stuðnings kröfunni er bent á þá viðurkenndu staðreynd að verktakar miða almennt við að hafa hagnað af tilboðum og verksamningum. Hér er um að ræða hlutfall verksamningsfjárhæðar sem er innan marka þess sem dómstólar hafa dæmt sem hæfilegar bætur í sambærilegum tilvikum.

4.2. Varakrafa

Verði ekki fallist á að tekist hafi að sanna orsakasamband á milli tapaðs hagnaðar og hins bótaskylda brots gegn lögum um opinber innkaup ber að greiða bætur í samræmi við 1. mgr. 119. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Þar er miðað við að ef sannað er að kaupandi hafi gerst sekur um brot gegn lögnum skuli greiða bjóðanda tilboðsgerðarkostnað og þurfi þá einungis að sanna að bjóðandi hafi átt:

„raunhæfa möguleika á að verða valið af kaupanda og möguleikar þess hafi skerst við brotið“.

Ef á annað borð verður talið að óheimilt hafi verið að taka tilboði Ístaks hf. liggur fyrir að stefnandi á rétt á bótum sem nema tilboðsgerðarkostnaði.

Stefnandi var með næstbesta boðið og ekki hefur verið sýnt fram á annað en að möguleikar hans hafi verið mjög raunhæfir á að fá verkið. Í öllu falli skertust þeir möguleikar og urðu að engu.

Samkvæmt yfirliti stefnanda vörðu starfsmenn hans 1.460 klst. í tilboðsgerðina og hefur hann metið kostnað þeirrar vinnu auk launatengdra gjalda á kr. 30.776.800. Þá starfaði ráðgjafarfyrtækið Verkís hf. með stefnanda að tilboðsgerðinni og varði félagið 665,5 klst. í þá vinnu. Kostnaður við aðkeypta vinnu nemur því 13.125.855 kr. Er því heildarkostnaður við tilboðsgerðina 43.902.655 kr.

5. AÐRAR MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK

Stefnandi vísar til laga um opinber innkaup nr. 120/2016, almennra meginreglna útboðsréttar, kröfuréttar og skaðabótaréttar máli sínu til stuðnings.

Þá byggir dráttarvaxtakrafa stefnanda á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

6. SKÝRSLUTÖKUR

Stefnandi áskilur sér rétt til gefa aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins. Þá áskilur stefnandi sér rétt til að kalla aðra sem að málinu hafa komið fyrir dóminn til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins.

7. SÖNNUNARGÖGN

Stefnandi leggur m.a. fram til stuðnings máli sínu bréfaskipti aðila og lögmanna þeirra, auk þeirra gagna sem vísað er til hér að framan, allt í samræmi við skjalaskrá á dskj. nr. 2.

8. ÁSKORANIR OG SÉRSTAKUR ÁSKILNAÐUR

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn undir rekstri málsins og kalla aðila og vitni til skýrslutöku fyrir dómi eftir því sem ástæða er til og málsástæður stefnda kunna að gefa tilefni til. Jafnframt er áskilinn réttur til að dómkveðja matsmenn undir rekstri málsins, gefist sérstakt tilefni til.


FYRIRKALL

Fyrir því stefnist hér með stjórnarformanni stefnda Birki Jóni Jónssyni, fæddum 24. júlí 1979, Baugakór 13, Kópavogi, f.h. stefnda, að sækja dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík, **fimmtudaginn 28. nóvember 2019, kl. 10.00**, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og til að leggja fram gögn af sinni hálfu. Að öðrum kosti má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Reykjavík, 18. nóvember 2019

f.h. stefnanda

Landslög- lögfræðistofa



Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður

Stefna þessi hefur verið mér nægilega birt, og samrit hennar afhent mér, f.h. stefndu, sem falið hafa mér að sækja þing fyrir sína hönd og taka til varna. Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, _____nóvember 2019

Erlendur Gíslason, lögmaður

Til Héraðsdóms Reykjavíkur

SORPA bs.
vt. Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri.
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík

Garðabæ, 29. nóvember 2019
Mál nr. 1906044

Efni: Lóð fyrir endurvinnslustöð.

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var 26. nóvember sl., var tekið fyrir bréf þitt varðandi möguleika á staðsetningu endurvinnslustöðvar á lóð við Hafnarfjarðarveg á bæjarmörkum Kópavogs og Garðabæjar, dags. 3. júní sl.

Bæjarráð lýsir yfir skilningi á að mikilvægt er að leita allra leiða til að tryggja Sorpu bs. lóð fyrir endurvinnslustöð.

Hvað varðar staðsetningu á norðanverðum Arnarneshálsi við Hafnarfjarðarveg þykja skipulagslegar forsendur ekki vera fyrir hendi m.a. vegna hugsanlegrar legu Borgarlínu. Þá er einnig bent á að svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt og landið er í einkaeign

Þetta upplýsist hér með.

Virðingarfyllst,



Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 5.12.2019

V / framvinda byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Eins og staðan er núna (5.12.2019) er búið að steypa um 98% af áætluðu steypumagni sem fara á í bygginguna, steypuvinnu er nánast lokið (alls um 8.900 m³). Framvinda á öllu verkinu er um 89% nóv/des.

Áfallin kostnaður vegna byggingarinnar er sem hér segir:

Tímabil	Greiddur kostnaður
Júlí 2018	47,9
Ágúst 2018	50,8
September 2018	120,9
Október 2018	193,1
Nóvember 2018	202,6
Desember 2018	130,4
Janúar 2019	268,4
Febrúar 2019	209,1
Mars 2019	259,1
Apríl 2019	170,9
Maí 2019	309,8
Júní 2019	327,2
Júlí 2019	400,4
Ágúst 2019	243,1
September 2019	260,1
Október 2019	289,6

Heildar kostnaður skv. ofangreindu er nú kr. 3.488.156.884,- Aukverk hafa verið lítil eða samtals 48,0 milljónir og eru aðallega vegna ófyrirséðra atriða sem snúa að jarðvinnu. Skiladagur verksins skv. áætlun verktaka hefur verið 15. febrúar 2020 en verktaki hefur óskað eftir framlengingu á verktíma til 15. mars 2020 vegna tafa sem urðu á hönnun og undirbúningi raflagna. Ósk verktaka hefur verið samþykkt enda hefur breyttur skiladagur ekki áhrif á kostnað SORPU við verkið.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 28. október 2019

v / stækkun móttökustöðvar – framvinda

Staða í mismunandi verkþáttum Alefli ehf. er þannig að 99% jarðvinnu er lokið, 93% af burðarvirki er lokið og lögnum er að 97% hluta lokið. Þeir helstu verkliðir sem eftir eru, eru rafkerfi og frágangur bæði inni og úti. Verkstaða í lok október er um 75% fyrir alla verkliði.

Útgjöld það sem af er verki:

Mánuður	Útgjöld, m. kr.
Frá áramótu til lok apríl	31,0
Maí	4,5
Júní	41,5
Júlí	46
Ágúst	45
September	59,3
Október	44,39
SAMTALS	271,69

Ofangreind áfallin útgjöld eru vegna hönnunar, útboðs, eftirlits og framkvæmda við stækkun móttökustöðvarinnar í Gufunesi. Magnauknin hefur orðið í jarðvinnu, járnþendingu, stoðvegg, malbiks og malbikssögun sem hækkar heildar kostnað verks um ca. 20,4 milljónir. Breytingar vegna iðnaðarhurða hækka kostnað um 3-4 milljónir. Áætlaður heildarkostnaður á þessu stigi er 384 Mkr. (með ofangreindum magnaukningum). Skv. minnisblaði sem lagt var fyrir stjórn 2. september sl. er gert ráð fyrir að kostnaður við stækkun stöðvarinnar verði á bilinu 361 – 418 Mkr.

Virðingarfyllst,

Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri



mán. 2.12.2019 15:51

Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Fw: BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vindvél sem aðskilur plast frá öðru sorpi - R19110392

To: Björn Hafsteinn Halldórsson

Tíðvisun í mál: R19110392

Sæll

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vindvél sem aðskilur plast frá öðru sorpi er send stjórn SORPU bs. til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja
Ólof Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19110392

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vindvél sem aðskilur plast frá öðru sorpi - R19110392

BORGARRÁÐ 28. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vindvél sem aðskilur plast frá öðru sorpi - R19110392

Fulltrúi Flokks fólksins vill spyrja af hverju þeir sem standa saman að byggðasamlögum vinni ekki saman að sorphúðu, skipulagningu og ákvörðunum? Sorpa er eitt af 4 byggðasamlögum og á Reykjavík stærsta hlutinn í því en hefur lítið vægi í stjórn. Svo virðist sem stjórnendur geti ekki komið sér saman um hvernig haga eigi málum. Nýlega komst tekniráð Sorpu að þeirri niðurstöðu að hagkvæmasta leiðin fyrir sveitarfélög væri að íbúar settu plast í pokum í gráu tunnuna og að það yrði svo flokkað í Gufunesi með vélrænni flokkun. Keypt var vél, sem notar vind til að skilja plastið frá öðru sorpi. Hún kostaði rúmar fjórtíu milljónir króna. Var það metið af yfirverkfræðingi Sorpu að vindflokunarvélina myndi borga sig ef öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nýttu hana. Það gera þau ekki. Reykjavík og Kópavogur nota aðrar aðferðir. Flokkur fólksins spyr hverju Reykjavík notar ekki vélina og hvort það var ekki vitað að Reykjavík ætlaði ekki að nota vélina áður en ráðist var í kaupin? Það er alvarlegt og illa farið með fé borgarþúa ef þeir geta ekki nýtt rúmlega fjórtíu milljóna króna vélbúnað sem byggðasamlagið keypti til flokkunar á plasti. Reykvikingar þurfa að leigja tunnu undir plast, fara með það í grenndargám eða á endurvinnslustöð í stað þess að njóta góðs af flokkunarvélinni. Er ekki tímabært að leggja niður þetta byggðasamlag?